



# Eftirlit með rafhlöðum og rafgeymum, raf- og rafeindatækjaúrgangi

*Samantekt og niðurstöður eftirlits ársins 2017*

## 1. Formáli

Eftirlit þetta byggir á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og reglugerð nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang. Markmið eftirlitsins er að hækka söfnunarhlutfall þessa úrgangs, fylgja eftir banni og takmörkunum á tilteknum efnum í rafhlöðum og rafgeymum og sjá til þess að upplýsingagjöf fyrirtækja til viðskiptavina sé fullnægjandi.

Samkvæmt reglugerðunum er Umhverfisstofnun falið eftirlit með framfylgd reglugerðanna og eftirfylgni skv. eftirlitsáætlun 2015-2017.

Eftirlitið felur í sér að skoða hvort **framleiðendur og innflytjendur rafhlaða og rafgeyma**:

- Veiti kaupendum upplýsingar um flokkun, meðhöndlun og efnainnihald vara sinna
- Séu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur
- Selji einungis vörur merktar tunnummerki
- Fari eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð

Í eftirliti með **sölu- og dreifingaraðilum rafhlaða og rafgeyma er athugað** hvort:

- Tekið sé á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymum
- Farið sé eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð

Í eftirliti með **raf- og rafeindatækjum hjá framleiðendum og innflytjendum** er skoðað hvort:

- Aðilar séu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur
- Kaupendum séu veittar upplýsingar um flokkun og meðhöndlun þessara vara
- Að vörurnar beri tunnummerki

Auk þessa ber Umhverfisstofnun að hafa eftirlit með því að aðrir aðilar nefndir í ofangreindum reglugerðum sinni skilgreindu hlutverki sínu, m.a. sveitarfélög og Úrvinnslusjóður. Tilgangur þessarar skýrslu er að upplýsa um framgang og niðurstöður eftirlits 2017.


## 2. Framkvæmd

Í eftirlitinu var farið í heimsókn til alls 31 aðila á höfuðborgarsvæðinu sem flytja rafhlöður, rafgeyma og/ eða raf- og rafeindatæki og höfðu ekki fengið eftirlitsheimsókn áður. Stór hluti þessara aðila var að flytja inn bæði rafhlöður og raftæki en í niðurstöðum eru þessir flokkar aðgreindir enda um tvær reglugerðir að ræða.

Upplýsingar um innflytjendur voru fengnar frá Tollstjóra. Árið 2017 voru innflytjendur raf- og rafeindatækja um 4.190 og innflytjendur rafhlaða og rafgeyma um 1.450.

Eftirlitið hófst í ágúst og lauk í nóvember en mestur tími fór í annars vegar eftirlitið sjálft og hins vegar í eftirfylgni og aðstoð við eftirlitsþega.

Eftirlitið fór þannig fram að farið var í fyrirvaralausar heimsóknir til áður skilgreindrar fyrirtækja. Þar eru nokkrar vörur valdar af handahófi og merkingar skoðaðar ásamt upplýsingum sem fylgdu vörunum. Athugasemdir og upplýsingar voru svo skráðar á eftirlitsblað og unnið úr gögnum eftir eftirlitið. Í eftirliti var afhent bréf um tilgang eftirlitsins og kvittar fulltrúi fyrirtækisins fyrir að það hafi farið fram. Niðurstaða eftirlitsins var síðan send í tölvupósti til þess aðila er tók á móti eftirlitsaðilum. Annars vegar er ítarleg eftirlitsskýrsla og síðan bréf um eftirlit, það sem fyrirtækið þarf að laga og frestur til úrbóta.



Mynd 1: Ferill eftirlits

### Eftirlit vegna reglugerðar nr. 442/2015

Eftirlit var framkvæmt á höfuðborgarsvæðinu hjá 28 aðilum sem flytja inn raf- og rafeindatæki. Alls voru 143 raf- og rafeindatæki skoðuð.

### Eftirlit vegna reglugerðar nr. 1020/2011

Eftirlit var framkvæmt hjá 19 aðilum sem flytja inn, selja og dreifa rafhlöðum og rafgeymum á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 65 rafhlöður og rafgeymar skoðaðar.

Tafla 1: Listi yfir eftirlitsþega ársins 2017


Raf- og rafeindatæki	Rafhlöður og rafgeymar
Despec Denmark A/S	Beco ehf
Kísildalur	Costco
Danson ehf	Despec Denmark A/S
Fastus ehf	Frameworkz/IStore
Frameworkz	Garðheimar Gróðurvörur
Icefakta	Hagkaup
Hagkaup	Hljóðfærahúsið
Ikea	Iðnvélar
Kælitækni	Ikea
Costco	pfaff hf
Eirvík	Prentvörur
Makkland ehf.	Rafmagnshjól
Prentvörur	Tæknivörur
Hljóðfærahúsið	Tölvulistinn
pfaff hf	Verkfæralagerinn
Garðheimar Gróðurvörur	Verkfærasalan
Beco ehf	Verslunin Brynja
Iðnvélar	Pór
Rafvörur ehf	Össur
Tæknivörur ehf	
Tölvulistinn	
Vatnsvirkinn ehf	
Verkfæralagerinn	
Verkfærasalan	
Verslunartækni	
Verslunin Brynja	
Pór	
Össur	

## 3. Niðurstöður

Árið 2017 var farið í 47 eftirlit til fyrirtækja. Þetta voru framleiðendur og innflytjendur rafhlaða, rafgeyma og raf- og rafeindatækja og/eða sölu- og dreifingaraðili rafhlaða og rafgeyma. Einungis tveir eftirlitsþegar fengu ekki athugasemdir. Hinir þurftu að gera úrbætur hjá sér sem vörðuðu ýmist vöntun á; tunnumerki á vöru, upplýsingum til neytenda eða upplýsingum um efnainnihald rafhlaða. Í eftirliti var brýnt fyrir sölu- og dreifingaraðilum um skyldur þeirra er varðar móttöku á notuðum rafhlöðum og rafgeymum.

Sjá má frekari greiningu á því í eftirfarandi töflu. Alls voru 208 vörur skoðaðar og voru gerðar athugasemdir í 61 tilviki. Eitt bréf um áform um áminning var sent á eftirlitsþega sem brást fljótt við.

Á mynd 1 má sjá þróun á fjölda frávik/athugasemda á árunum 2015- 2017. Eins og sjá má hefur fjöldi vara sem skoðaðar eru aukist en um leið hefur dregið úr frávikum. Árið 2015 voru frávik/athugasemdir í 64% tilvika, árið 2016 var hlutfallið komið niður í 51% og árið 2017 í 29%.



Mynd 2: Fjöldi athugasemda af vörum sem skoðaðar voru.

## Viðauki 1

### Eftirlit hjá framleiðendum og innflytjendum **RAFHLAÐNA OG RAFGEYMA**

Fyrirtæki:

Dagsetning eftirlits:

**Tekur fyrirtækið á móti rafhlöðum/rafgeymum?** \_\_\_\_\_

Upplýsingaskylda til kaupanda: Hvar er heimilt að skila notuðum RR?

- RR mega ekki fara með öðrum úrgangi
- RR er hægt að skila án gjalds
- RR eru í samræmi við lágmarkskröfur (Cd, Hg og Pb)
- Áhrif RR á heilsu manna og umhverfi

<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki                      Vara___ Umbúðir ___ Umhverfisvottað                      Já ___ Nei___ Efnainnih. Cd &lt; 0.002% mvþ.                      Já___ Nei___ Efnainnih. kvikasilfurs &lt; 0.0005% mvþ.                      Já___ Nei___</p> <p>Annað:</p>	<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki                      Vara___ Umbúðir ___ Umhverfisvottað                      Já ___ Nei___ Efnainnih. Cd &lt; 0.002% mvþ.                      Já___ Nei___ Efnainnih. kvikasilfurs &lt; 0.0005% mvþ.                      Já___ Nei___</p> <p>Annað:</p>
<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki                      Vara___ Umbúðir ___ Umhverfisvottað                      Já ___ Nei___ Efnainnih. Cd &lt; 0.002% mvþ.                      Já___ Nei___ Efnainnih. kvikasilfurs &lt; 0.0005% mvþ.                      Já___ Nei___</p> <p>Annað:</p>	<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki                      Vara___ Umbúðir ___ Umhverfisvottað                      Já ___ Nei___ Efnainnih. Cd &lt; 0.002% mvþ.                      Já___ Nei___ Efnainnih. kvikasilfurs &lt; 0.0005% mvþ.                      Já___ Nei___</p> <p>Annað:</p>

## Viðauki 2

### Eftirlit hjá framleiðendum og innflytjendum **RAF- OG RAFEINDATÆKJA**

Fyrirtæki:

Dagsetning eftirlits:

**Er fyrirtækið með upplýsingar á vegg/afgreiðsluborði eða öðrum stöðum um förgun á raf- og rafeindatækjum?**

Upplýsingaskylda til kaupanda:

- Hvar er heimilt að skila notuðum WEEE?
- WEEE mega ekki fara með öðrum úrgangi
- WEEE er hægt að skila án gjalds

<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___</p> <p>Annað:</p>	<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___</p> <p>Annað:</p>
<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___</p> <p>Annað:</p>	<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___</p> <p>Annað:</p>
<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___</p> <p>Annað:</p>	<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___</p> <p>Annað:</p>

## Viðauki 3

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## EFTIRLIT MEÐ RAFHLÖÐUM, RAFGEYMUM OG RAF- OG RAFEINDATÆKJAÚRGANGI

---

Dagsetning eftirlits  
Fyrirtæki  
Heimilisfang  
Kennitala  
Rafræn skýrsla send á

Starfsemi Innflytjandi og sölu- og dreifingaraðili  
Fulltrúi UST  
Tegund eftirlits Úrgangseftirlit  
Fulltrúi fyrirtækis

---

### UMFANG EFTIRLITS

Þann .... nóvember sl. fór fram eftirlit á vegum Umhverfisstofnunar hjá versluninni .... Í eftirlitinu voru skoðaðar nokkrar gerðir af raf- og rafeindatækjum og rafhlöðum og rafgeymum og hvort vörurnar bæru réttar merkingar og upplýsingar til notenda sbr. reglugerð 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang og reglugerð 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma. Einnig var skoðað hvort verslunin taki á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymum.

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

**Skráningarkerfi:** Er fyrirtækið skráð í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda?

**Móttaka á notuðum rafhlöðum og rafgeymum:** Tekur fyrirtækið á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymum frá viðskiptavinum sínum.

**Eftirfarandi vörur voru skoðaðar:**

- Rafhlöður
- Rafgeymar
- Raf- og rafeindatæki

**Tunnumerki:** Vörurnar eiga að vera sérstaklega merktar með tunnumerkinu (yfirstrikuð sorptunna) samkvæmt reglugerðum.

**Frávik:** Frávik eru tilgreind hér.

**Frávik frá:** 3. mgr. 4. gr. í reglugerð 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang og 11. grein um rafhlöður og rafgeyma.

**Innihald kadmíum og kvikasilfurs:** Ef athugasemdir þá tilgreint hér.



**Innihald kadmíum og kvikasilfurs:** Það á að vera skýrt hvort að rafhlöður og rafgeymar innihaldi kadmíum og kvikasilfur.

**Athugasemd:** Athugasemdir tilgreindar hér. Ekki kom fram hvort vörurnar innihalda þessi efni eða hversu mikið. Umhverfisstofnun óskar upplýsinga um magn þessara efna í vörunum.

**Athugasemd við 5. gr. í reglugerðar nr. 1020/2011.**

**Upplýsingagjöf:** Upplýsingagjöf til neytenda þarf að uppfylla báðar reglugerðir.

**Frávik:** Frávik eru tilgreind hér. Upplýsingar vantaði um hvar heimilt er að skila notuðum rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi, að tækin megi ekki fara með almennum úrgangi, að rafhlöðum og rafgeymum sé hægt að skila til sölu- og dreifingaraðila eftir notkun án greiðslu og að ábyrgst sé að úrgangurinn verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur. Einnig vantar upplýsingar um áhrif rafhlaða og rafgeyma á heilsu manna og umhverfi.

**Frávik frá 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og 4. gr. reglugerðar nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang.**

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Reykjavík, dagsetning  
Undirskrift eftirlitsmanns